

Fundur hjá fjallskiladeild Víðdælinga, haldinn að L- Ásgeirsá þriðjudagskvöldið 18. júní 2013 kl. 20:30.

Sigtryggur Sigurvaldason setti fund. Maríanna Eva Ragnarsdóttir skrifaði fundargerð.

Fjallskiladeild fór ásamt ráðunauti, Önnu Margréti Jónsdóttur, að skoða ástand á gróðurfari þriðjud. 11. júní. Ákveðið var í samráði við ráðunaut að leyfa upprekstur frá og með 12.júní í Lambhaga, Króksland og Tungur. Og á Víðidalstunguheiði að austan mánudaginn 17. júní, svo fremi sem vegur leyfi. Upprekstur hrossa er leyfðir frá og með 27. júní.

Landbúnaðarráð er búið að skipta fjárveitingu til heiðagirðinga, þar sem 810.000 kr koma í hlut Víðdælinga.

Fjárveiting til afréttarvega á Víðidalstunguheiði er kr. 1.250.000.

Rætt var um framkvæmdaþörf og viðhald á vegunum.

Haldið verður áfram með endurnýjun á milligerðum í Víðidalstungurétt, sem og öðrum réttum og viðhaldi á þeim.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 22:30.

Maríanna Eva Ragnarsdóttir(sign.),

Júlíus Guðni Antonsson(sign.),

Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).